

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 17. apríl 2024

Mál nr. E-151/2023:

Ranhóll ehf.

(Ágúst Karl Karlsson lögmaður)

gegn

Sveinbirni Imsland

(Gísli M. Auðbergsson lögmaður)

Dómur

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl 2024, er höfðað með stefnu, útgefinni og birtri 29. júní 2023, en þingfestri 7. september sama ár.

Stefnandi er Ranhóll ehf., kt. [...], [...], [...].

Stefndi er Sveinbjörn Imsland, kt. [...], [...], [...].

2. Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 17.000.000 króna með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2019, en jafnframt að stefndi greiði honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en til vara, verði eigi fallist á dómkröfuna, falli málskostnaðurinn niður.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

II.

Helstu málsatvik.

1. Mál þetta snýst í grunninn um ágreining varðandi ætlaða ábyrgð á skuldbindingu samkvæmt skuldabréfi, og um innheimtu skuldar.

2. Samkvæmt stefnu, greinargerð, framlögðum gögnum og því sem fram kom við meðferð málsins fyrir dómi, þ. á m. í aðilaskýrslum, eru helstu atvik máls þessa þau að

stefndi og þáverandi eiginkona hans, A, stofnuðu einkahlutafélagið Mikley ehf., Fiskhóli 11, Hornafirði, árið 2013. Var stefndi stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og A varamaður í stjórn, en bæði fóru þau með prókúruumboð, en þau voru og eigendur félagsins.

3. Fyrirsvarsmenn Mikleyjar ehf. hófu undirbúning að gistihúsrekstri félagsins á Hornafirði á árinu 2014, en um það leyti sem sá rekstur átti að hefjast, sumarið 2015, skorti félagið rekstrarfé. Vegna þessa leitaði stefndi, sem framkvæmdastjóri og annar eigandi félagsins, til fyrirsvarsmanns stefnanda, Einars Björns Einarssonar, um lánaþingreiðslu að fjárhæð 17.000.000 króna. Þar mun m.a. hafa komið til vinskapur þeirra tveggja, en einnig að frekari lánaþingreiðsla var eigi fyrir hendi hjá lánastofnun Mikleyjar ehf. Fyrir liggur að það var ætlan stefnda að lánaþingreiðsla þessi varði aðeins í skamman tíma, og lánsfjárhæðin yrði þannig endurgreidd að lokinni „sumarvertíð“ en að samtímis yrði rekstur Mikleyjar ehf. endurfjármagnaður. Óumdeilt er að fyrirsvarsmannur stefnanda, Einar Björn, féllst á umrædda lánsbeiðni stefnda til handa einkahlutafélagi hans og þáverandi eiginkonu, Mikleyjar ehf.

4. Samkvæmt aðilaskýrslum stefnda og nefnds fyrirsvarsmanns stefnanda var af ofangreindu tilefni útbúið það skuldabréf sem liggur fyrir í máli þessu. Í aðilaskýrslu hefur stefndi staðhæft að skuldabréfið hafi verið útbúið af bókara einkahlutafélags hans, en einnig af bókara félags stefnanda.

5. Heiti skuldabréfsins er skráð í upphafsreit þess, sbr. dskj. 3: „*Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð.*“ Skráð er að útgefandi bréfsins sé einkahlutafélagið Mikley ehf. og að félagið viðurkenni með undirritun sinni á skuldabréfið að það skuldi stefnanda, en bréfið er dags. 3. júní 2015, á Höfn.

Í öðrum reit bréfsins er tilgreint að lánsfjárhæð sé 17.000.000 króna, að hana beri að greiða með tilgreindum skilmálum, sem skráðir eru í þriðja reit þess. Segir þar m.a. að miðað sé við tiltekna vísitölu neysluverðs, að lánstíminn sé þrjú mánuðir, að afborgunin sé ein, að gjalddaginn sé 15. september 2015 og að vextir reiknist frá útgáfudegi. Enn fremur eru neðangreindir skilmálar skráðir í tíu tölusettum greinum í

bréfinu:

- 1) Ofanritaður skuldari viðurkennir með undirskrift sinni á skuldabréf þetta að skulda ofangreindum kröfuhafa þessa skuldabréfs eða þeim sem síðar kann að eignast það með lögmætum hætti, tilgreinda fjárhæð og skuldbindur sig til að endurgreiða hana eins og tilgreint er samkvæmt lið 2 hér á eftir, með þeim fjölda afborgana og á þeim gjalddögum eins og tilgreint er samkvæmt ofanskráðu.
- 2) Skuldari skuldbindur sig til að greiða tilgreinda ársvexti, sem skulu vera [10%] af höfuðstól skuldarinnar, þegar hann hefur verið reiknaður út samkvæmt framangreindu. Vextir reiknast frá tilgreindum upphafsdegi vaxtaútreiknings á bréfi þessu og greiðast þeir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir.
- 3) Á hverjum gjalddaga ber skuldara að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af bréfi þessu samkvæmt gjaldskrá innheimtustofnana.
- 4) Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta á réttum gjalddögum, er heimilt að gjaldfella alla skuldina fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð skv. frammanrituðu. Sama gildir ef bú skuldara eða ábyrgðarmanns verður tekið til gjaldþrotaskipta eða ef þeir leita nauðasamninga.
- 5) Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta og svo öllum þeim kostnaði sem leiða kann af vanskilum, málssókn eða öðrum réttargerðum þar með töldum réttargjöldum, lögmannspóknun eða öðru er kröfuhafa ber að greiða ...

Í beinu framhaldi af ofangreindum skilmálum, á fyrstu blaðsíðu skuldabréfsins, er skráður eftirfarandi texti í fjórða reitnum:

Eftirtaldir aðilar takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu, hver um sig og saman:

Sveinbjörn Imsland,, [...], [...]

A,, [...], [...]

Fyrir neðan hinn síðastgreinda reit eru handritaðir upphafsstafir stefnda og þáverandi eiginkonu hans.

Í næstu greinum skuldabréfsins eru eftirfarandi skilmálar skráðir:

- 6) Greiðslustaður er hjá kröfuhafa, nú Landsbankinn Höfn.
- 7) Falli skuldin í gjalddaga af einhverjum þeim ástæðum sem að ofan greinir er kröfuhafa heimilt að gjaldfella ógreiddar eftirstöðvar kröfunnar. Heimilt er að gera aðför til tryggingar skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989 að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. sömu laga.
- 8) Rísi mál út af skuld þessari eða ábyrgð má reka það fyrir Héraðsdómi Austurlands skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 9) Stimpilgjald af bréfi þessu ber útgefanda að greiða.

10) Til staðfestu eru nöfn útgefanda og ábyrgðarmanna undirrituð í votta viðurvist.

Í fimmta reit skuldabréfsins, á annarri blaðsíðu, er skráður fyrrgreindur útgáfustaður og dagsetning skuldabréfsins.

Fyrir ofan sjötta reit skuldabréfsins, á annarri blaðsíðunni, er skráð eftirfarandi:

Samþykkir ofanskráður sem sjálfskuldarábyrgðarmenn.

Í tveimur hölfum í nefndum sjötta reit er skráð vinstra megin á blaðið nafn stefnda og þáverandi eiginkonu hans, en í þriðja hólfinu hægra megin er skráð; *Undirritun útgefanda*, en þar fyrir neðan handritar stefndi nafn sitt. Þá handritar fyrrnefnd kona nafn sitt í fjórða hólfid.

Fyrir ofan sjöunda reit skuldabréfsins, á annarri blaðsíðunni, er skráð að vottar staðfesti með nafnritun sinni rétta dagsetningu, undirritun og „fjárræði sjálfsskuldarábyrgðaraðila“ og „fjárræði útgefanda“, en þar fyrir neðan eru undirritanir fjögurra einstaklinga ásamt kennitölum þeirra.

6. Í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi staðhæfði hann m.a. að tiltekna lagabreytingar Alþingis hefðu sett verulegt strik í reikninginn að því er varðaði leyfisveitingar einkahlutafélags hans, Mikleyjar ehf., sem hafi leitt til áherslubreytinga hjá sveitarfélaginu. Hafi þetta leitt til erfiðleika í gistihúsrekstri Mikleyjar ehf., sem hafi haft áhrif á hina fyrirhuguðu endurfjármögnun félagsins hjá fjármálastofnun. Í raun hafi orðið forsendubrestur fyrir gistihúsrekstrinum, sem stefndi og fyrrverandi eiginkona hans hefðu lagt allt undir í. Vegna þessara erfiðleika hefði þurft að bregðast við, og þá m.a. með gerð tveggja skilmálabreytinga á hinu umrædda skuldabréfi, sbr. dskj. 4 og 5, annars vegar hinn 15. september 2015 og hins vegar hinn 13. október 2016. Var það ætlan stefnda að þessar skilmálabreytingar hefðu verið gerðar af þeim sömu bókurum, sem áður höfðu komið að gerð skuldabréfsins. Fyrirsvarsmaður stefnanda hefur í aðilaskýrslu staðhæft að skilmálabreytingarnar hafi verið gerðar af hálfu stefnda, líkt og skuldabréfið.

7. Efni hinnar fyrrnefndu skilmálabreytingar, dags. 15. september 2015, er svohljóðandi:

„Hér með eru gerðar eftirfarandi breytingar á skilmálum skuldabréfs, útgefnu af Mikley ehf., ... eigandi Ranhóll ehf. ... Tilvísunarnúmer 66115

Gjalddagi sem átti að vera 15.09. 2015 breytist og verður 15.11. 2015.“

Auk dagsetningar er fyrir neðan ofangreindan texta skráð:

„Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðarmenn:“

Fyrir neðan þennan texta handritar þáverandi eiginkona stefnda nafn sitt, en þar til hliðar, hægra megin á blaðið, ritar stefndi einnig nafn sitt

Neðst á skjalið skráir fyrrnefndur fyrirsvarsmaður stefnanda, Einar Björn, nafn sitt sem samþykkjandi, en einnig tveir vottar.

8. Efni síðarnefndu skilmálabreytingarinnar, dags. 13. október 2016, er svo-
hljóðandi:

„Hér með eru gerðar eftirfarandi breytingar á skilmálum skuldabréfs, útgefnu af Mikley ehf., ... eigandi Ranhóll ehf. ... Tilvísunarnúmer 66115

Gjalddagi sem átti að vera 15.11. 2015 verður 15.12 2016. Að öðru leyti helst skuldabréfið óbreytt.“

Fyrir neðan ofangreindan texta, hægra megin á blaðið, er auk dagsetningar, eftirfarandi skráð:

Samþykkir ofanskráðu f.h. Mikleyjar ehf.“ en þar undir handritar stefndi nafn sitt.

Neðan við hinn síðastgreinda texta er einnig skráð á blaðið:

„Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðarmenn.“

Neðan við ofangreindan heildartexta handritar fyrrverandi eiginkona stefnda nafn sitt, en þar til hliðar, hægra megin á blaðið, ritar stefndi einnig nafn sitt.

Neðst á skjalið ritar fyrirsvarsmaður stefnanda nafn sitt sem samþykkjandi, en einnig tveir vottar.

9. Á árinu 2019 breyttist starfsemi einkahlutafélagsins Mikleyjar ehf., þannig að lögheimili þess fluttist til Reykjavíkur, en enn fremur var nafninu breytt í Gistiheimili Ron ehf.

Þann 13. nóvember 2019 var Gistiheimili Ron ehf. úrskurðað gjaldþrota, og lauk skiptum í búinu 30. september 2020, sbr. auglýsingu þar um í Lögbirtingablaði, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Fyrir liggur að stefnandi lýsti ekki kröfu í þrota-
búið.

10. Samkvæmt málatilbúnaði aðila og framlögðum gögnum tók fyrirsvarsmaður stefnanda hið umrædda skuldabréf úr svokallaðri lánaumsjón Landsbankans í lok árs

2018. Verður ráðið að hann hafi í framhaldi af því falið nafngreindri lögmannsstofu innheimtu þess. Samkvæmt aðilaskýrslu fyrirvarsmannsins, Einars Björns, innti hann stefnda ítrekað eftir greiðslum samkvæmt efni skuldabréfsins en án árangurs. Fyrirvarsmaðurinn fól á árinu 2022 annarri lögmannsstofu innheimtuaðgerðir, en frá því ári, í júlímánuði, liggja fyrir tölvusamskipti millum lögmanns á þeirri stofu og stefnda. Í þessum samskiptum spurst stefndi m.a. fyrir um hvaða hann þurfi að greiða háa fjárhæð til þess að nafn hans fari; „út sem sjálfsskuldarábyrgðaraðili af skuldabréfi“ stefnanda. Í aðilaskýrslu hefur stefndi staðhæft að hann hafi haft vilja til, þrátt fyrir bágan fjárhag, að greiða stefnanda útlagðan kostnað í tengslum við útgáfu og vegna innheimtuaðgerða. Hann hafi því með fyrrgreindri fyrirspurn ekki verið að viðurkenna persónulega ábyrgð, enda hafi hann haft þann skilning að krafan væri fyrnd vegna tómlætis og aðgerðaleysis hinnar fyrri lögmannsstofu stefnanda.

Fyrir liggur að fyrirvarsmaður stefnanda hafnaði hinu síðastgreinda erindi og boði stefnda. Hóf hann í þess stað innheimtuaðgerðir gagnvart stefnda vegna sjálfsskuldarábyrgðar hans, sbr. framlagt bréf, dags. 10 ágúst 2022, en í framhaldi af því hratt hann af stað þeim málarekstri, sem hér er til meðferðar.

III.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda.

1. Stefndi reisir dómkröfur sínar á því að efni umrædds skuldabréfs sé skýrt og hafi stefndi því með ótvíræðum hætti undirgengist með eigin undirritun sjálfsskuldarábyrgð vegna láns stefnanda til einkahlutafélags hans, Mikleyjar ehf.

Stefndi byggir á því að í ábyrgð stefnda hafi falist loforð til tryggingar á efndum aðalkröfu skuldabréfsins. Hann sé því skuldbundinn samkvæmt loforði sínu, sbr. að því leyti einnig efni síðari skilmálabreytinga.

Stefndi byggir á því að greiðsluskylda stefnda hafi orðið virk þegar aðalskuldarinn, Mikley ehf., hafi vanefnt skuldbindingu sína, hinn 15. desember 2016, þegar skuldin hafi fallið í gjalddaga samkvæmt efni skuldabréfsins, en þá samkvæmt síðari skilmálabreytingum þess.

Við flutning vísaði stefndi máli sínu til stuðnings til áður rakinnar málavaxtalýsingar, sbr. kafla II hér að framan, m.a. varðandi aðdraganda og tilgang lánveitingar hans til einkahlutafélags stefnda, Mikleyjar ehf. Stefndi bendir á að stefndi hafi verið

framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins, og að fyrir liggi að félagið hafi verið í lánsfjárförf við upphaf gistihúsrexturs sumarið 2015. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi haft fjárhagslega hagsmuni af því að gangast í hina umþrættu sjálfskuldarábyrgð fyrir lánveitingunni, sbr. aðilaskýrslu hans fyrir dómi.

2. Stefnandi byggir á því að krafa hans á hendur stefnda njóti réttarfarshagræðis XVII. kafla laga nr. 91/1991. Vísar stefnandi til þess að samkvæmt c-lið 117. gr. og 118. gr. laganna megi reka mál þetta eftir ákvæðum lagakaflans, enda sé skráður samningur um slíkt í texta margnefnds skuldabréfs.

3. Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til meginreglu samningaréttar um skuld-bindingargildi samninga, svo og til meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, en jafnframt áréttar hann að mál þetta sé rekið sem skuldabréfamál, eftir ákvæðum áðurgreinds XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Við flutning málsins andmælti stefnandi í ljósi alls ofangreinds málsástæðum og rökum stefnda í heild sinni sem röngum og ósönnuðum.

Stefnandi bendir á að samkvæmt aðilaskýrslu stefnda hafi hann sjálfur, eða a.m.k. einhver á hans vegum, komið að gerð skuldabréfsins. Því hafi það staðið stefnda nær að gera athugasemdir við efni bréfsins teldi hann þess þörf.

Stefnandi áréttar að efni skuldabréfsins sé skýrt að efni til, og vísar hann sérstaklega til ákvæða 5. og 10. gr. í áður röknum skilmálum varðandi sjálfskuldarábyrgð stefnda. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi undirritað bréfið fyrir hönd eigin einkahlutafélags, sem hafi verið útgefandi bréfsins. Að auki hafi hann með skýrum hætti ritað undir ákvæði bréfsins varðandi eigin sjálfskuldarábyrgð. Hann hafi m.a. ritað upphafsstafi sína á fyrri blaðsíðu bréfsins, sbr. að því leyti einnig efni áðurrakinna tölvusamskipta frá sumrinu 2022. Stefnandi byggir enn fremur á því að áður raktar skilmálabreytingar hafi skýr tengsl við skuldabréfið samkvæmt efni þeirra, sbr. að því leyti aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi. Að auki rími frásögn stefnda við aðilaskýrslu fyrirvarsmanns stefnda, að ekki hafi verið um að ræða aðrar lánveitingar en margnefnt skuldabréf.

Stefnandi andmælir því að ákvæði 6. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn eigi við um lögskipti aðila, sbr. að því leyti ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna, en þar komi einkum til eigin persónulegir hagsmunir og ávinningur stefnda af lánveitingunni, sbr. og

ákvæði 118. gr. laga nr. 91/1991 varðandi sönnun.

Stefnandi andmælir því að krafa hans á hendur stefnda sé fyrnd. Hann byggir á því að ákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 eigi ekki við um lögskipti málsaðila, sbr. efni alþekktra dóma Hæstaréttar Íslands, m.a. í málinu nr. 306/2016. Vegna þessa gildi ákvæði 5. og 7. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda um hinn tíu ára fyrningarfrest.

4. Stefnandi vísar um eigin dráttarvaxtakröfu til reglna 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og segir að því leyti hafi verið tekið tillit til ákvæða laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda eftir því sem við hafi átt. Stefnandi vísar til þess að krafa hans um dráttarvexti sé á því byggð að fyrningu dráttarvaxta hafi verið slitið á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007 á fyrrnefndum stefnubirtingardegi.

5. Um eigin málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en um varnarþing til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 8. gr. margnefnds skuldabréfs.

IV.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda.

1. Stefndi, Sveinbjörn Imsland, byggir sýknukröfu sína á því að máli þessu hafi ranglega verið beint að honum, enda hafi hann ekki undirgengist persónulega skuldbindingu um að greiða stefnanda 17.000.000 króna, líkt og haldið sé fram í stefnu.

Stefndi bendir á að í málatilbúnaði stefnanda sé á því byggt að efni umrædds skuldabréfs, dags. 3. júní 2015, en einnig efni þeirra tveggja skilmálabreytinga bréfsins, dags. 15. september 2015 og 13. október 2016, hafi falið í sér að hann hafi tekist á hendur persónulega skuldbindingu sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, sbr. orðalagið í stefnu, að hann: „*undirgekkst ... með ótvíræðum hætti sjálfskuldarábyrgð vegna láns stefnanda til Mikleyjar ehf.*“.

2. Máli sínu til stuðnings um sýknu vísar stefndi helst til eftirfarandi atriða:

a) Skuldabréf, dags. 3. júní 2015, sbr. dskj. 3.

Stefndi bendir á að á seinni blaðsíðu skuldabréfsins séu fjórir reitir fyrir undirritanir (aðrir en reitir fyrir undirritun vitundarvotta). Vinstra megin séu tveir reitir undir fyrirsögninni „*Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðarmenn*“ en í þeim séu

m.a. prentuð nöfn og kennitölur stefnda og þáverandi eiginkonu hans, A. Hægra megin á nefndri blaðsíðu séu tveir reitir undir fyrirsögninni „Undirritun útgefanda“ en þar undir séu eiginhandarundirskriftir stefnda og nefndrar A.

Stefndi byggir á því að samkvæmt ofangreindu sé augljóst að hann hafi, ásamt A, ritað undir bréfið sem fyrirsvarsmenn útgefandans, Mikleyjar ehf., en ekki sem ábyrgðarmenn.

Stefndi byggir á því að hið umþrætta skuldabréf sé auk ofangreinds atriðis að ýmsu leyti mjög ófullkomið, m.a. varðandi tilgreiningu á inntaki hugsanlegrar sjálfskuldarábyrgðar. Þá komi eigi nægjanlega skýrt fram í texta bréfsins á hverju viðkomandi beri ábyrgð og ekki heldur hvort sú ábyrgð sé pro rata eða solidarisk. Að auki sé í texta bréfsins ýmist talað um sjálfskuldarábyrgð eða ábyrgðarmenn.

b) Skjalið; „skilmálabreyting skuldabréfs, dags. 15. september 2015,“ sbr. dskj. 4.

Stefndi byggir á því að engin tengsl séu á milli þessa skjals og hins umþrætta skuldabréfs. Þannig komi ekki fram í texta skilmálabreytingarinnar með skýrum hætti um hvaða skuldabréf sé að ræða, en að auk segi í texta að skuldabréfið hafi tilvísunarnúmerið 66115. Ekkert liggi fyrir um til hvaða númerakerfis verið sé að vísa, en fyrir liggi að margnefnt skuldabréf hafi númerið 88260. Af þessum sökum sé í skilmálabreytingunni verið að vísa til einhvers allt annars skjals en nefnds skuldabréfs. Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því að ekki hafi verið ritað á skuldabréfið neitt um að greiðslufrestur hefði verið veittur á afborgun þess. Stefndi byggir á því að skilmálabreyting þessi sé einnig ófullkomin að því leyti að samkvæmt efni hennar hafi ekki verið gert ráð fyrir því að skuldari, þ.e. útgefandinn, Mikley ehf., ritaði undir hana. Stefndi byggir jafnframt á því að engin nánari skilgreining komi fram í skilmálabreytingunni varðandi inntak ábyrgðarinnar og því geti hún þegar af þeirri ástæðu ekki talist sjálfstæð ábyrgðarskuldbinding.

Stefndi byggir á því að jafnvel þó svo að komist verði að þeirri niðurstöðu að hann hafi undirritað hina umræddu skilamálabreytingu sem sjálfskuldarábyrgðarmaður hafi sú gjörð ekki þá tengingu við skuldabréfið að það geti bætt úr því að hann hafi ekki ritað undir bréfið í öndverðu sem ábyrgðarmaður.

c) Skjalið; „skilmálabreyting skuldabréfs, dags. 13. október 2016,“ sbr. dskj. 5.

Stefndi byggir á því að hin sömu andmæli gildi um þessa skilamálabreytingu og

hér að framan var rakið varðandi hina fyrri, þ. á m. varðandi tengslaleysið við skuldabréfið, og að ekkert komi fram um það í sjálfu skuldabréfinu. Stefndi bendir jafnframt á að undirritanir á síðari skilmálabreytingunni séu með þeim hætti að vinstra megin á blaðið sé undirskrift fyrrum eiginkonu hans, sem sjálfskuldarábyrgðarmanns, en hægra megin sé undirskrift hans tvítekin undir textanum; „*Samþykkir ofanskráðu f.h. Mikleyjar ehf.*“. Stefndi byggir á því að notkun fleirtölu í textanum bendi til þess að báðar undirskriftirnar séu vegna Mikleyjar ehf., og varði því ekki persónulega skuldbindingu hans. Stefndi byggir á því að engan veginn sé hægt að líta svo á að með þessum hætti haft hann verið að rita undir skjalið persónulega sem ábyrgðarmaður og sé þannig skuldbundinn af efni skuldabréfsins.

3. Stefndi byggir á því að þrátt fyrir að ekki séu til sérstök lög um skuldabréf hér á landi gildi um slík skjöl ýmsar réttarreglur og venjur sem staðfestar hafa verið með dómafordæmum.

Um ofangreindar málsástæður vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, reglna um viðskiptabréf og laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, einkum 6. gr.

4. Stefndi byggir á því að krafa stefnanda á hendur honum sé fyrnd, hafi hún á annað borð verið til staðar. Hann bendir á að með lögum nr. 142/2010 hafi komið inn nýtt ákvæði í 2. og 3. mgr. 165. gr. laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Stefndi byggir á því að samkvæmt hinum nýju ákvæðum fyrnist krafa á hendur gjaldþrota aðila á tveimur árum frá skiptalokum. Í nefndum ákvæðum sé því einnig lýst hvernig fyrningu verði slitið og hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til þess. Bendir stefndi á að samkvæmt ákvæðinu verði að höfða dómsmál innan hins tveggja ára frests og fá dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum.

Stefndi bendir á að í ákvæði 165. gr. nefndra laga sé ekki sérstaklega „minnst á þá sem standa í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldum hins gjaldþrota aðila“. Stefndi byggir á því að af þessum sökum gildi um ábyrgðarmenn hin almenna regla 2. mgr. 25. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, þar sem segir: „*Nú er krafa tryggð með ábyrgð og fyrnist þá krafan á hendur ábyrgðarmanni ef aðalkrafan fellur niður fyrir fyrningu ...*“ Stefndi bendir á að stefnandi hafi hvorki höfðað dómsmál með áðurgreindum hætti,

sbr. ákvæði 3. mgr. 165. gr. gjaldþrotalaganna, né gert annað það sem almennt hefði getað rofið fyrningu og um sé fjallað í IV. kafla laganna um fyrningu kröfuréttinda.

Stefndi byggir á því að samkvæmt framangreindu verði að telja að krafa stefnanda á hendur honum, hafi hún á annað borð einhvern tímann verið til staðar, hafi fallið niður fyrir fyrningu þann 30. september 2022.

5. Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

V.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu er til úrlausnar krafa stefnanda um að stefndi greiði sem sjálfskuldarábyrgðarmaður skuld samkvæmt margnefndu skuldabréfi, auk vaxta og málskostnaðar.

2. Líkt og fram hefur komið gáfu fyrisvarsmenn einkahlutafélagsins Mikleyjar ehf., stefndi og þáverandi eiginkona hans, út skuldabréf fyrir hönd félagsins hinn 3. júní 2015. Fyrir liggur að skuldabréfið var útbúið vegna lánveitingar stefnanda til félagsins. Er og upplýst að lánveitingin hafi komið til að beiðni stefnda, Sveinbjörns Imsland, vegna fjárhagsskorts einkahlutafélagsins um það leyti sem félagið hóf gistihúsrekstur.

Stefndi var annar stofnandi Mikleyjar ehf., árið 2014, en hann var einnig annar eigandi félagsins, svo og framkvæmdastjóri og prókúruhafi.

3. Efni skuldabréfsins hefur verið lýst, m.a. í II. kafla, 5. tölulið, hér að framan, og liggur fyrir að þar er m.a. endurtekið skráð, á fyrri og seinni blaðsíðu þess, að stefndi hafi tekist á hendur sameiginlega (solidariska) sjálfskuldarábyrgð fyrir tilgreindri lánsfjárhæð, 17.000.000 króna. Í nefndum tölulið er að auki lýst áritunum á skuldabréfið, þ. á m. stefnda. Að mati dómsins telst skjalið vera skuldabréf í skilningi almennra reglna kröfuréttar í lögskiptum.

Það er niðurstaða dómsins að þær yfirlýsingar og skilmálar sem skráð eru á skuldabréfið um hina persónulegu ábyrgð, en einnig undirritanir stefnda, séu skýrar og ótvíræðar. Á það einnig við um þær skilmálabreytingar sem síðar voru gerðar, á haustdögum 2015 og 2016, og varða m.a. greiðslufresti skuldabréfalánsins. Verður í því við-

fangi eigi horft fram hjá aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi, þ. á m. varðandi tilurð skulda-
bréfsins og skilmálabreytinganna, en einnig um málsatvik í heild, og þá um að hann hafi
undirritað nefnd skjöl bæði persónulega og fyrir hönd einkahlutafélags síns, Mikleyjar
ehf. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnda að málssókn stefnanda hafi ranglega verið
beint að honum. Er það niðurstaða dómsins að lýst ábyrgðarskuldbinding stefnda fyrir
nefndri skuld sé gild að formi til.

4. Eins og fram er komið, þ. á m. í aðilaskýrslu stefnda, gengu áform eigi eftir um
endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar. Var af þeim sökum brugðist við í tvígang með gerð
fyrrgreindra skilmálabreytinga, sem lýst hefur verið hér að framan, í 7. tölulið II. kafla,
en þær eru dagsettar 15. september 2015 og 13. október 2016. Óumdeilt er að þau
greiðsluáform gengu heldur ekki eftir og er lánsfjárhæð skuldabréfsins öll í vanskilum.

5. Að virtu því sem hér að framan hefur verið rakið ber stefndi að mati dómsins
sönnunarbyrðina fyrir því að sjálfskuldarábyrgð hans hafi ekki verið í þágu atvinnu-
rekstrar hans eða fjárhagslegs ávinnings, en í ljósi aðilaskýrslu hans verður að ætla að
svo hafi einmitt verið og verður það lagt til grundvallar. Eiga lög nr. 32/2009 um
ábyrgðarmenn því eigi við í máli þessu, sbr. ákvæði 2. mgr. 2. gr. Þá er til þess að líta að
mál þetta er höfðað sem skuldabréfamál á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um
meðferð einkamála, sbr. c-lið 117. gr. laganna.

6. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 fynast kröfur samkvæmt skuldabréfi
á tíu árum, en það á þó ekki við um vexti og verðbætur, sem fynast á fjórum árum í
samræmi við almennan fyrningarfrest 3. gr. laganna. Í ljósi þessa, sbr. og ákvæði 7. gr.,
sbr. 2. og 25. gr. nefndra laga, var krafa stefnanda ófyrnd er mál þetta var höfðað í júní
2023.

Í ofangreindu samhengi er til þess að líta að þótt tilvist einkahlutafélagsins
Mikleyjar ehf., eftir nafnabreytingu, hafi endanlega lokið þegar gjaldþrotaskiptum þess
lauk leiddi það ekki til þess að krafa stefnanda hafi sjálfkrafa og samtímis liðið undir lok,
enda getur ákvæði 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., með síðari
breytingum, eftir eðli sínu eingöngu tekið til einstaklinga, sbr. t.d. áðurnefndan dóm
Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 306/2016. Í ljósi þessa helst skylda stefnda sem
ábyrgðarmanns til að greiða umrædda skuld.

7. Að öllu ofangreindu gættu verða kröfur stefnanda teknar til greina, en ekki er í máli þessu tölulegur ágreiningur og þá ekki um upphafstíma vaxta. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina með dráttarvöxtum eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sbr. ákvæði 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ágúst Karl Karlsson lögmaður, en af hálfu stefnda flutti málið Gísli M. Auðbergsson lögmaður.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn Imsland, greiði stefnanda, Ranhól ehf., 17.000.000 króna með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2019 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.